



Ársskýrsla
2024



Ársskýrsla Persónuverndar 2024



Formáli forstjóra

Það var af mörgu að taka í starfsemi Persónuverndar árið 2024, eins og fyrri ár. Athygli stofnunarinnar beinist að vinnslu persónuupplýsinga hérlandis, en jafnframt hefur erlent samstarf mikið vægi, enda er löggjöfin sú sama hér og í Evrópu, og því mikilvægt að fylgjast með framkvæmd mála í löndunum í kringum okkur.

Vátryggingafélög huga að persónuvernd og starfsleyfi fyrir Creditinfo

Af afgreiðslu stærri mála er ánægjulegt að benda á að stærstu íslensku vátryggingafélögin, sem taka sjálfvirkar ákvarðanir um umsóknir og óskir um tilboð í líf- og sjúkdómatryggingar, uppfylla í meginatriðum þær kröfur sem persónuverndarlöggjöfin gerir í þeim efnum. Tryggingafélög meðhöndla mikið magn persónuupplýsinga og því er mikilvægt að þau séu meðvituð um þær reglur sem hér gilda. Þá var gefið út nýtt starfsleyfi fyrir Creditinfo Lánstraust hf., en dómsmálaráðuneytinu jafnframt bent á að mögulega þyrfti að huga betur að lagaumhverfi fjárhagsupplýsingastofa hérlandis.

Persónuvernd barna – leikjaspilun á Netinu

Persónuvernd barna hefur fengið mikið vægi í starfsemi stofnunarinnar undanfarin ár, enda eiga upplýsingar um börn að njóta sérstakrar verndar.

Með það í huga birti Persónuvernd leiðbeiningar um persónuvernd barna í leikjaspilun á Netinu, sem unnar voru í samvinnu við aðrar norrænnar persónuverndarstofnanir. Fyrirtæki hafa verið staðin að því að viðhafa afar nærgöngula rýni á hegðun barna í slíkum leikjum. Slíkar upplýsingar er hægt að nýta í ýmiss konar tilgangi og jafnvel selja óviðkomandi aðilum þær.

Dómsmál – Seesaw og Íslensk erfðagreining

Á árinu var ákvörðun Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga í Seesaw-nemendakerfinu af hálfu Reykjavíkurborgar staðfest að hluta í Hæstarétti. Ýmis brot sveitarfélagsins gegn persónuverndarlöggjöfinni voru staðfest, en athugasemdir voru jafnframt gerðar við málsmeðferð Persónuverndar í málinu, sem leiddi til þess að dómurinn taldi ekki næga ástæðu til að leggja á Reykjavíkurborg sekt. Þá dæmdi þrískipaður Landsréttur Persónuvernd í vil gegn Íslenskri erfðagreiningu vegna vísindarannsóknar sem fyrirtækið gerði í Covid-faraldrinum. Fyrirtækið hefur áfrýjað þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar. Persónuvernd fagnar fleiri dómum frá dómstólum landsins, en þeir hafa fordæmisgildi varðandi túlkun og beitingu persónuverndarlöggjafarinnar.

Gervigreind getur leitt til góðs, en á henni þarf að hafa gætur

Árið 2024 markaði tímamót í þróun stafrænnar tækni og beitingu gervigreindar. Aldrei fyrr hafa tækniframfarir haft jafn djúpstæð áhrif á daglegt líf manna, atvinnuhætti og þjónustu, svo að segja í öllum heiminum. Evrópska persónuverndarráðið hefur gefið út álit um tiltekin álitæfni tengd notkun persónuupplýsinga í þágu gervigreindar og eru frekari leiðbeiningar væntanlegar frá ráðinu á næstu misserum. Gervigreind getur leitt til góðs, en á henni þarf að hafa gætur. Aldrei hefur verið mikilvægara að tryggja að tækniþróun gangi ekki á réttindi einstaklinga. Við hjá Persónuvernd stöndum okkar vakt, en samfélagið í heild þarf að gæta þess að sómi verði að innleiðingu gervigreindar í allri starfsemi hérlandis.

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar



Hlutverk Persónuverndar

Meginhlutverk og verkefni Persónuverndar

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og verður ákvörðunum hennar, samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Markmið persónuverndarlaga er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Þá er þeim jafnframt ætlað að tryggja öryggi, áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.



Persónuvernd eru jafnframt falin verkefni í öðrum lögum auk þess sem vísað er til persónuverndarlaga í á annað hundrað lagabálkum og stjórnvaldsreglum, sem fjölga jafnt og þétt.

Gildi Persónuverndar eru: þekking, trúverðugleiki og fagmennska.

Allt innra og ytra starf stofnunarinnar einkennist af þessum gildum og er unnið af samheldnum og traustum mannauði.

Skýrsla þessi, sem birt er skv. 16. tölul. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er 24. ársskýrsla Persónuverndar.

Hlutverk stjórnar

Persónuverndar

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi í samráði við forstjóra Persónuverndar og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Þá tekur stjórn meiri háttar efnislegar eða stefnumótandi ákvarðanir í málum sem stofnunin hefur til meðferðar, þar á meðal um álagningu dagsekta og stjórnvaldssekta.

Sá ráðherra sem fer með málefni persónuverndar, þ.e. dómsmálaráðherra, skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fimm ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Ráðherra sem fer með málefni netöryggis og fjarskipta tilnefnir einn stjórnarmann og ráðherra sem fer með málefni heilbrigðisþjónustu tilnefnir einn stjórnarmann. Þá tilnefnir Skýrslutæknifélag Íslands einn stjórnarmann og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála.

Fyrir stjórnina starfar ritari sem valinn er að tillögu forstjóra úr hópi starfslíðs Persónuverndar.

Fjárreiður

Persónuverndar 2024

Fjárveitingar til Persónuverndar á fjárlögum 2024:	360,9 milljónir króna
Seld þjónusta:	3,49 milljónir króna
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára:	3,48 milljónir króna
Ýmsar tekjur:	2,1 milljón króna
Yfirfærður rekstrarhagnaður frá árinu 2023 á rekstrarár 2024:	18,7 milljónir króna
Rekstrargjöld stofnunarinnar á árinu 2024:	388,7 milljónir króna
Samanlögð ársvelta stofnunarinnar:	388,7 milljónir króna

Rekstrarhagnaður frá árinu 2024 var neikvæður um 18,7 milljónir króna og uppsafnaður hagnaður samtals 22,1 milljón. Til ráðstöfunar á árinu voru því samtals 370 milljónir króna en gjöld stofnunarinnar námu sem fyrr segir alls 388,7 milljónum króna. Tap ársins nam 18,7 milljónum króna og hrein eign í árslok var jákvæð um 3,4 milljónir króna.

Skipulag Persónuverndar á árinu 2024

Stjórn

Aðalmenn

Ólafur Garðarsson

Lögmaður – formaður stjórnar

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir

Lögfræðingur – varaformaður stjórnar

Björn Geirsson

Forstöðumaður

Vilhelmína Haraldsdóttir

Læknir

Þorvarður Kári Ólafsson

Fagstjóri

Varamenn

Kristín Edwald

Lögmaður

Sindri M. Stephensen

Dósent

Lára Herborg Ólafsdóttir

Lögmaður

Sveinn Magnússon

Læknir

Jónas Sturla Sverrisson

Öryggisstjóri

Stjórnendur

Forstjóri

Helga Þórisdóttir

Sviðsstjóri Alþjóða- og fræðslusviðs, staðgengill forstjóra

Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Sviðsstjóri Eftirlitssviðs

Valborg Steingrimsdóttir (til 31. október 2024)

Bjarni Freyr Rúnarsson (frá 1. nóvember 2024)

Rekstrar- og fjármálastjóri

Hallgrímur Viðar Arnarson

Yfirlögfræðingur

Þórður Sveinsson

Starfsmenn

Fjöldi stöðugilda hjá stofnuninni var 17, en auk forstjóra og ofangreindra stjórnenda voru starfandi hjá stofnuninni lögfræðingar, skjalastjóri og sérfræðingur í upplýsinga-öryggi.



Persónuvernd

Laugavegi 166 | 105 Reykjavík


Sími: 510 9600

www.personuvernd.is

postur@personuvernd.is


Skipurit Persónuverndar

Skipurit og innra skipulag Persónuverndar tekur mið af þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi stofnunarinnar. Skrifstofu Persónuverndar er skipt í tvö fagsvið, þ.e. Eftirlitssvið og Alþjóða- og fræðslusvið, auk kjarnastarfsemi á borð við rekstur og skjalavörslu. Þá starfar yfirlögfræðingur Persónuverndar þvert á fagsviðin tvö.



Málefнасvið Persónuverndar

Nánast öll vinnsla persónuupplýsinga, hvort sem hún fer fram af hálfu fyrirtækja, opinberra aðila, sveitarfélaga eða jafnvel einstaklinga, getur heyrt undir valdsvið Persónuverndar. Á myndinni má sjá yfirlit yfir helstu málaflokka sem falla undir verkswið stofnunarinnar. Eins og myndin gefur til kynna getur hver og einn málaflokkur komið til skoðunar á báðum fagsviðum stofnunarinnar, svo sem eftir því hvort um er að ræða eftirlit eða fræðslustarfsemi.




Persónuvernd í tölum

Nýskráð mál 2024

1920

Afgreidd á árinu 2024

1924



Skráð mál 2024

Skráð mál 2023

Breytt skipulag hjá Persónuvernd

Í ársbyrjun 2024 var fagsviðum hjá Persónuvernd fækkað úr þremur í tvö. Meginbreytingin fólst í að sameina Eftirlitssvið, sem hafði einkum umsjón með meðferð kvartana, og Öryggis- og úttektasvið stofnunarinnar undir heiti Eftirlitssviðs. Þá fékk svið erlends samstarfs og fræðslu nýtt nafn og heitir það nú Alþjóða- og fræðslusvið.

Hin nýja skipan er meðal annars tilkomin vegna breytinga sem gerðar voru árið 2023 á lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Fram að því var Persónuvernd skylt að taka allar kvartanir, sem stofnuninni bárust, til rannsóknar og úrskurðar, en þetta fyrirkomulag hafði um nokkurt skeið komið niður á frumkvæðiseftirliti af hálfu stofnunarinnar. Eftir breytinguna getur Persónuvernd hins vegar ákveðið, samkvæmt viðmiðum sem tilgreind eru í málsmæðferðarreglum stofnunarinnar, hvort kvörtun gefur nægar ástæður til rannsóknar og hvort tilefni er til að taka hana til úrskurðar. Í því sambandi er til dæmis litið til þess hvort úrlausn Persónuverndar um umkvörtunarefnið geti haft samfélagslega þýðingu, hvort um áhættusama vinnslu persónuupplýsinga sé að ræða og hvert sé eðli upplýsinganna.

Nýrri skipan er jafnframt ætlað að tryggja enn frekar samræmda meðferð og úrlausn stjórnsýslumála hjá Persónuvernd, óháð því hvort mál hefst að frumkvæði einstaklings eða stofnunarinnar sjálfrar, og þar með stuðla að jafnræði og skilvirkni við málavinnslu.

Með stefnu fyrir frumkvæðiseftirlit Persónuverndar fyrir árið 2024, sem birt var í febrúar sama ár, var ákveðið að frumkvæðiseftirliti stofnunarinnar yrði beint að vinnslu persónuupplýsinga í eftirfarandi forgangsörð:

1. Vinnsla persónuupplýsinga í snjalllausnum/hugbúnaðarkerfum fjármálafyrirtækja.
2. Vinnsla persónuupplýsinga í snjalllausnum/hugbúnaðarkerfum váttryggingafélaga.
3. Vinnsla persónuupplýsinga í snjalllausnum/hugbúnaðarkerfum þjónustufyrirtækja.
4. Vinnsla persónuupplýsinga á sviði fjártækni.
5. Gerð persónusniða og örnálgun (e. microtargeting).
6. Vinnsla persónuupplýsinga á sviði heilbrigðistækni.

Frumkvæðisathuganir

Öryggi við meðferð rafræna sönnunargagna hjá LRH

Mál nr. 2022010107

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðisathugun á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu (LRH). Athuginin var afmörkuð við rafræna meðferð sönnunargagna sem varðveitt voru utan lögreglakerfisins, LÖKE. Markmið athugunarinnar var að staðreyna hvort öryggi persónuupplýsinga samrýmdist kröfum laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Nánar tiltekið leitaðist Persónuvernd eftir að kanna hvernig aðgangsstýringu væri háttað og hvort viðhöfð væri aðgerðaskráning.

Í ákvörðuninni var komist að þeirri niðurstöðu að LRH hefði sýnt fram á að viðeigandi öryggisráðstafanir hefðu verið viðhafðar í myndvörslukerfi lögreglunnar. Hins vegar var ekki talið sýnt fram á að öryggi persónuupplýsinga hefði verið tryggt við meðferð sönnunargagna á miðlægum drifum í tölvukerfi embættisins. Lagt var fyrir LRH að tryggja viðeigandi öryggi persónuupplýsinga við meðferð rafræna sönnunargagna hjá embættinu.

Rafræn vöktun af hálfu Brynju leigufélags ses.

Mál nr. 2024020356

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðisathugun á rafrænni vöktun, af hálfu Brynju leigufélags ses., við fjölbýlishús félagsins að Hátúni 10. Niðurstaða Persónuverndar var að merkingar og fræðsla um rafræna vöktun í og við fjölbýlishús félagsins að Hátúni 10, 10a og 10b samrýmdust að mestu leyti skyldum félagsins samkvæmt ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar um gagnsæi og fræðslu. Þó skorti á að einstaklingum sem áttu að sæta vöktuninni væri í öllum tilvikum gert viðvart, áður en þeir kæmu inn á vaktad svæði eða vöktun hæfist, um að rafræn vöktun færi fram. Var lagt fyrir Brynju leigufélag ses. að uppfæra merkingar og

fræðslu til samræmis við gildandi reglur um rafræna vöktun. Einnig var niðurstaða Persónuverndar að félagið hefði ekki sýnt fram á að uppfyllt væri eitthvert þeirra skilyrða sem tiltekin væru í 11. gr. reglna nr. 50/2023, sem réttlætt gætu lengri varðveislutíma persónuupplýsinga sem yrðu til við rafræna vöktun, umfram 30 daga meginreglu ákvæðisins, varðandi það myndefni sem safnaðist við vöktun félagsins. Jafnframt var því lagt fyrir félagið að stytta varðveislutíma persónuupplýsinganna til samræmis við gildandi reglur.

Vátryggingafélagin uppfylla í meginatriðum kröfur til sjálfvirkar ákvarðanatöku um umsóknir og óskir um tilboð í líf- og sjúkdómatryggingar

Mál nr. 2024020415, 2024020416, 2024020417 og 2024020418

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðisathugun á vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram í tengslum við sjálfvirka ákvarðanatöku um umsóknir og óskir einstaklinga um tilboð í líf- og sjúkdómatryggingar hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., TM tryggingum hf., Vátryggingafélagi Íslands hf. og Verði tryggingum hf. Ákvörðun um að hefja frumkvæðisathugunina var tekin með hliðsjón af stefnu Persónuverndar í úttektum og frumkvæðisathugunum fyrir árið 2024.

Markmið frumkvæðisathugunarinnar var í fyrsta lagi að staðreyna hvort réttindi einstaklinga væru tryggð við sjálfvirka ákvarðanatöku um umsóknir og óskir um tilboð í líf- og sjúkdómatryggingar hjá vátryggingafélagunum, m.a. hvort tryggður væri réttur þeirra til mannlegrar aðkomu. Í öðru lagi var kannað hvort gagnsæis og sanngirni væri gætt gagnvart hinum skráðu í tengslum við framangreinda vinnslu. Í þriðja lagi beindist athugun Persónuverndar að því hvort tryggt væri að við útgáfu líf- og sjúkdómatrygginga óskuðu vátryggingafélagin aðeins eftir upplýsingum sem væru nauðsynlegar í þágu framangreindrar

ákvarðanatöku. Jafnframt hvort þær væru fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefna- legum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi og að þær væru nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt væri miðað við tilgang vinnslunnar.

Við rannsókn málsins lögðu Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf. fram gögn sem sýndu fram á að einstaklingar veittu samþykki sitt fyrir sjálfvirkri ákvarðanatöku og að þeir fengju fullnægjandi fræðslu um vinnsluna í upphafi umsóknarferlisins. Framangreind félög lögðu einnig fram gögn sem sýndu fram á að veittar væru fullnægjandi upplýsingar til viðskiptavina þegar tekin væri sjálfvirk ákvörðun um útgáfu trygginga með álagi ofan á grunniðgjald eða með áritun. Með hliðsjón af framlögðum gögnum og svörum Vátryggingafélags Íslands hf. og Varðar trygginga hf. var einnig talið að félögin hefðu sýnt fram á að hafa lagt viðeigandi mat á nauðsyn þeirra upplýsinga sem óskað hafði verið eftir frá viðskiptavinum; að tilgangur vinnslunnar hefði verið skýrt afmarkaður, meðal annars með tilgreiningu á þeim flokkum persónuupplýsinga sem hægt væri að óska upplýsinga um og afmörkun á fjölda spurninga út frá svörum viðskiptavina, og að persónuupplýsingar sem óskað hafði verið eftir við umsóknarferlið hefðu verið nægilegar og viðeigandi fyrir vinnsluna. Var því niðurstaða Persónuverndar sú að vinnsla persónuupplýsinga sem fer fram í tengslum við sjálfvirka ákvarðanatöku um umsóknir og óskir einstaklinga um tilboð í líf- og sjúkdómatryggingar hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. og Verði tryggingum hf. væri í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð (ESB) 2016/679.

TM tryggingar hf. lögðu einnig fram gögn sem sýndu fram á að einstaklingar veittu samþykki sitt fyrir sjálfvirkri ákvarðanatöku og að þeir fengju fullnægjandi fræðslu um vinnsluna í upphafi umsóknarferlis. Með hliðsjón af framlögðum gögnum og svörum TM trygginga hf. var talið að félagið hefði sýnt fram á að hafa lagt viðeigandi mat á nauðsyn þeirra upplýsinga sem óskað hafði verið eftir frá viðskiptavinum; að tilgangur vinnslunnar hefði verið skýrt afmarkaður, og að persónuupplýsingar sem óskað hafði verið eftir við umsóknarferlið hefðu verið nægilegar og viðeigandi fyrir vinnsluna. Hins vegar var það niðurstaða Persónuverndar, með hliðsjón af þeim gögnum sem aflað var við rannsókn málsins, að umsækjendum um líf- og

sjúkdómatryggingar hjá TM tryggingum hf. væri það ekki fyllilega ljóst, hverju sinni, hvort reykingar leiddu til álags við útreikning iðgjalda og að hvaða marki, en upplýsingar um að reykingar umsækjanda leiði til álags í sjálfvirka ákvörðunarferlinu voru veittar í almennum skilmálum, sem upplýst var um og vísað til við upphaf umsóknarferils. Var því niðurstaða Persónuverndar sú að umrædd vinnsla hjá TM tryggingum hf. væri að þessu leyti ekki í fullu samræmi við meginreglu persónuverndar um sanngjarna og gagnsæja vinnslu persónuupplýsinga.

Hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. er umsókn um líf- og sjúkdómatryggingu aðeins útgefin með sjálfvirkri ákvarðanatöku í þeim tilvikum þegar öllum spurningum í áhættumati hefur verið svarað með þeim hætti að ekki er merkt við áhættu- aukandi möguleika og beiðni um líftryggingar- fjárhæð er ekki hærri en tiltekin krónutala. Samkvæmt gögnum málsins veita umsækjendur samþykki fyrir vinnslu með því að fylla út rafræna umsókn og staðfesta við lok hennar að þeir samþykki vinnslu persónuupplýsinga og hafi kynnt sér hvernig persónuvernd er tryggt hjá félaginu. Var það niðurstaða Persónuverndar að ekki stæði heimild fyrir umræddri vinnslu persónuupplýsinga hjá félaginu þar sem hvergi kæmi fram í umsóknar- ferlinu með skýrum hætti að ákvörðun, um hvort trygging yrði gefin út og á hvaða verði, færi fram með sjálfvirkri ákvarðanatöku. Slík samþykkisfirlýsing teldist ekki uppfylla lögbundin skilyrði um að teljast upplýst og ótvíræð viljayfirlýsing hins skráða.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. fóru þess á leit við Persónuvernd að málið yrði endurupptekið og umrædd ákvörðun afturkölluð en í erindum félagsins kom fram að málið hefði ekki verið nægilega rannsakað á vettvangi stofnunarinnar og rangur skilningur hefði verið lagður í inntak þeirra upplýsinga sem lágu til grundvallar ákvörðun hennar. Persónuvernd tók gögn málsins til heildstæðrar endurskoðunar í ljósi frekari skýringa frá félaginu og komst að þeirri niður- stöðu að umrædd vinnsla hefði ekki falið í sér sjálfvirka ákvörðunartöku sem félli undir 22. gr. laga nr. 90/2018. Félli slík vinnsla persónu- upplýsinga því utan afmörkunar málsins. Fallist var á að endurupptaka málið og var ákvörðun Persónuverndar afturkölluð af því tilefni.

Premur frumkvæðisathugunum var lokið með niðurfellingu athugunar.

Úrskurðir í kvörtunarmálum

Afgreiðsla mennta- og þjálfunar- fyrirtækisins KVAN á aðgangsbeiðni

Mál nr. 2022050863

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir afgreiðslu mennta- og þjálfunarfyrirtækisins KVAN á aðgangsbeiðni. KVAN afhenti kvartendum þau gögn sem kvartendur óskuðu eftir en taldi þó rétt að takmarka rétt þeirra til aðgangs að þremur tilteknum skjölum sem innihéldu persónuupplýsingar um aðra einstaklinga en kvartendur og barn þeirra.

Niðurstaða Persónuverndar var að með því að takmarka rétt kvartanda að tveimur tilteknum skjölum hefði KVAN gætt að réttindum og frelsi annarra skráðra einstaklinga en kvartanda. Hins vegar var í þriðja skjalinu, n.t.t. tölvupóstsamskiptum KVAN við Menntamálastofnun, aðallega að finna upplýsingar um barn kvartanda og upplýsingar sem vörðuðu kvartendur. Áttu kvartendur því rétt á að fá umrædd tölvupóstsamskipti í hendur. Fór því mat og ákvörðun KVAN um hvaða gögn kvartendur skyldu fá afhent að þessu leyti í bága við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Einnig var niðurstaða Persónuverndar að KVAN hefði ekki afgreitt aðgangsbeiðni kvartanda innan lögbundinna tíma-
marka.

Lagt var fyrir KVAN að afhenda kvartendum umrædd tölvupóstsamskipti við Menntamálastofnun.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Háskóla Íslands

Mál nr. 2022040716

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafrænni vöktun kennara við Háskóla Íslands. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að kennarinn hefði fylgst með notkun kvartanda, sem var nemandi í námskeiði hjá kennaranum, á kennsluvef í Canvas námsumsjónarkerfinu. Einnig laut kvörtunin að því að kennarinn hefði notað jafningjamat samnemenda kvartanda við einkunnagjöf fyrir námskeiðið.

Niðurstaða Persónuverndar var sú að ekki væri um rafræna vöktun að ræða, samkvæmt skilgreiningu hugtaksins í persónuverndarlögum, þar sem skoðun

kennarans á virkni kvartanda í námsumsjónarkerfinu var ekki viðvarandi eða endurtekin reglulega. Einnig var talið að umrædd vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda hefði verið háskólanum nauðsynleg í tengslum við lögbundin verkefni sem háskólanum eru falin með lögum og því getað byggst á heimild í 5. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem mælir fyrir um að vinnsla geti verið heimil ef hún er nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með.

Hins vegar var ekki talið að kvartanda hefðu verið kynntir nægilega vel möguleikar kennarans til að skoða virkni hans í námskeiðinu, með því að kanna notkun hans í Canvas námsumsjónarkerfinu og leggja það til grundvallar einkunnagjöf, og notkun jafningjamats við einkunnagjöf. Vinnsla Háskóla Íslands var því ekki talin hafa samrýmst gagnsæis-
kröfu persónuverndarlaga og háskólinn ekki talinn hafa veitt kvartanda viðeigandi fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga.

Kvörtun vegna meðferðar persónu- upplýsinga hjá Reykjavíkurborg og félagsmálaráðuneytinu

Mál nr. 2020072069

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun persónuupplýsinga um fatlaðan einstakling (hér eftir kvartandi) meðal annars frá Reykjavíkurborg til félagsmálaráðuneytisins án samþykkis eða vitundar kvartanda eða fulltrúa hans. Kvartandi dvaldi í búsetuúrræði á vegum borgarinnar og lutu upplýsingarnar sem miðlað var að atvikum og háttsemi kvartanda þar og var að hluta til um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða.

Í málinu lá fyrir að málefni kvartanda höfðu verið til skoðunar hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar í nokkurn tíma, m.a. sökum vaxandi vanda við dvöl hans í búsetuúrræði borgarinnar.

Í niðurstöðu Persónuverndar er vísað til þess að Reykjavíkurborg hafi veitt kvartanda þjónustu m.a. á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga

og þjónustusamninga sem sveitarfélagið hafði gert við félagsmálaráðuneytið. Félags- og vinnu-markaðsráðherra (áður félagsmálaráðherra) fer með yfirstjórn málefna samkvæmt framangreindum lögum, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2018 og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 40/1991. Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2018 er mælt fyrir um eftirlit ráðherra með framkvæmd laganna og í 3. mgr. sömu greinar er kveðið á um það markmið eftirlitsins að safna og miðla upplýsingum til að tryggja fötluðum einstaklingum sambærilega þjónustu í ljósi ólíkra þarfa. Þá vísar Persónuvernd til nauðsynjar vegna skyldna sveitarfélagsins gagnvart kvartanda, samkvæmt meðal annars 3. og 8. gr. laga nr. 38/2018 um stoðþjónustu svo og fyrrgreindum þjónustusamningum.

Í ljósi framangreinds var það mat Persónuverndar að miðlun Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum kvartanda til ráðuneytisins, hefði getað stuðst við 3. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sem mæla fyrir um að vinnsla sé heimil ef hún er nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila.

Með hliðsjón af yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildum ráðherra, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 38/2018, taldi Persónuvernd að miðlunin hefði jafnframt fullnægt viðbótarskilyrðum bæði 2. og 7. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018, sbr. b- og g-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar, sem kveða annars vegar á um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil ef hún er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili eða hinn skráði geti staðið við skuldbindingar sínar og nýtt sér tiltekin réttindi samkvæmt meðal annars löggjöf um félagslega vernd og hins vegar af ástæðum sem varða verulega almannahagsmuni, enda fari vinnslan fram á grundvelli laga sem kveða á um viðeigandi og sértækar ráðstafanir til að vernda grundvallarréttindi og hagsmuni hins skráða. Var, um slíkar ráðstafanir, litið til 29. gr. laga nr. 38/2018 sem mælir fyrir um að meðferð persónuupplýsinga, sem unnið er með við framkvæmd laganna, skuli samrýmast persónuverndarlögum og að þess skuli gætt að aðgangur að þeim sé ekki umfram það sem nauðsyn krefur og að öryggi þeirra sé tryggt.

Við mat á nauðsyn umræddrar vinnslu samkvæmt framangreindum vinnsluheimildum og viðbótarskilyrðum, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 og c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, vísar Persónuvernd m.a. til þess að mannhelgi einstaklinga beri að virða í lengstu lög. Við framkvæmd verkefna eins og þess sem hér er til umfjöllunar sé því brýnt að stjórnvöld vandi til

verka, vegi og meti þá hagsmuni sem eru undir. Í ljósi framangreinds taldi Persónuvernd að umfang persónuupplýsinga kvartanda sem var miðlað hefði rúmast innan skilyrða fyrrgreindra ákvæða um nauðsyn og meðalhóf.

Þá var það niðurstaða Persónuverndar að í ljósi þess að miðlun persónuupplýsinga kvartanda hefði farið fram á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, hefði Reykjavíkurborg ekki borið að veita kvartanda fræðslu í samræmi við ákvæði 14. gr. reglugerðarinnar, sbr. c-lið 5. mgr. þeirrar greinar, sbr. og 17. gr. laga nr. 90/2018.

Niðurstaða Persónuverndar var því að miðlun Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum kvartanda til félagsmálaráðuneytisins samrýmdist lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og reglugerð (ESB) 2016/679.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Brimborgar

Mál nr. 2020010698

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir skráningu Brimborgar á tölvupóstfangi kvartanda á póstlista fyrirtækisins í þeim tilgangi að senda honum markpósta. Kvartandi hafði óskað eftir upplýsingum frá Brimborg um vörur fyrirtækisins og þjónustu og var tölvupóstfang hans skráð til þess að fylgja þeirri fyrirspurn eftir, meðal annars með markpósti í þeim tilgangi að fylgja eftir sölutilraunum í tilefni af fyrirspurn kvartanda. Var því talið að viðeigandi tengsl, sem máli skipta við mat á vinnsluheimild á grundvelli lögmætra hagsmuna, hefði verið milli kvartanda og Brimborgar.

Hvað sem öðru líður þarf að meta af kostgæfni hvort um lögmæta hagsmuni er að ræða, m.a. hvort skráður einstaklingur getur, þegar söfnun persónuupplýsinganna fer fram og í samhengi við hana, haft gilda ástæðu til að ætla að vinnsla muni fara fram í þeim tilgangi. Í þessu máli var niðurstaða Persónuverndar að kvartanda hefði ekki verið gert ljóst með fullnægjandi hætti, þegar hann skráði tölvupóstfang sitt í fyrirspurnarform á vefsíðu Brimborgar, að pósthafi yrði skráð á póstlista fyrirtækisins í markaðssetningartilgangi. Þegar af þeirri ástæðu var umrædd vinnsla ekki talin samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Á hinn bóginn hafði Brimborg virt andmælarétt kvartanda og afmáð tölvupóstfang hans af öllum póstlistum sínum.

Afgreiðsla samtaka á aðgangsbéiðni

Mál nr. 2021122345

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir afgreiðslu á beidni um aðgang að persónuupplýsingum. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að samtök hefðu synjað beidni kvartanda um aðgang að fundargerðum stjórnar samtakanna en kvartandi hafði óskað eftir aðgangi að fundargerðunum með vísan til þess að mál honum tengd hafi verið rædd á fundunum. Niðurstaða Persónuverndar var að gæta þyrfti hagsmuna annarra, bæði þeirra sem tjáðu sig á umræddum fundum en einnig þeirra sem rætt var um, og var kvartandi því ekki talinn geta átt rétt til aðgangs að fundargerðunum í heild sinni.

Niðurstaða Persónuverndar var að kvartandi ætti hins vegar rétt til aðgangs að upplýsingum sem fram komu í tilgreindum fundarliðum þar sem fjallað var um hann. Var lagt fyrir samtökin að veita kvartanda tilgreindar upplýsingar úr fundargerðum stjórnar samtakanna og senda Persónuvernd staðfestingu á að það hefði verið gert í síðasta lagi 3. apríl 2024.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Allianz á Íslandi hf. söluumboðs, Nýju váttryggingaþjónustunnar ehf. og Markvisst ehf.

Mál nr. 2022050843

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að Allianz á Íslandi hf. söluumboð miðlaði upplýsingum varðandi váttryggingarsamning kvartanda til Nýju váttryggingaþjónustunnar ehf. sem hafði samband við kvartanda símleiðis, í þeim tilgangi að bjóða honum ráðgjöf um váttryggingavernd og miðlun váttryggingaafurða, þrátt fyrir að símanúmer hans væri bannmerkt í símaskrá. Við framangreinda vinnslu persónuupplýsinga notaði Nýja váttryggingaþjónustan ehf. markhópalista sem keyptur var af félaginu Markvisst ehf.

Niðurstaða Persónuverndar var að hagsmunir Allianz á Íslandi hf. söluumboðs af því að hafa beint markaðssetningu að kvartanda væru lögmætir og samrýmdust lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Að mati Persónuverndar voru hagsmunir og grundvallarréttindi og frelsi kvartanda sem krefjast verndar persónuupplýsinga ekki talin vega þyngra en hagsmunir ábyrgðaraðila af vinnslunni umrætt sinn, þrátt fyrir að kvartandi hefði komið andmælum sínum við beinni markaðssetningu á framfæri með almennum hætti með bannmerkingu í símaskrá.

Einnig var það niðurstaða Persónuverndar að Nýja váttryggingaþjónustan ehf. hefði unnið persónuupplýsingar kvartanda sem vinnsluaðili og aðgangur félagsins að persónuupplýsingum kvartanda því byggður á vinnslusamningi en ekki heimild til vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þá var vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda af hálfu Markvisst ehf. jafnframt talin samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Vöktun með vinnuskilum starfsmanns á veitingastaðnum Subway

Mál nr. 2021051091

Persónuvernd lagði stjórnvaldssekt, að fjárhæð 1.500.000 króna, á Stjórnum ehf., rekstraraðila Subway á Íslandi, vegna rafrænnar vöktunar. Starfsmaður Subway kvartaði yfir vöktun fyrirtækisins með vinnuskilum hans en einnig yfir því að hann hefði ekki verið fræddur um vöktunina og réttindi sín vegna hennar. Gögn sem fylgdu kvörtun sýndu að verslunarstjóri staðarins hefði í tilgreint sinn tekið fjölda skjáskota af kvartanda úr eftirlitsmyndavélum staðarins og skráð á þau hvað kvartandi aðhafðist á hverjum tíma. Niðurstaða Persónuverndar var sú að rafræn vöktun Stjórnum ehf. hefði ekki samrýmst yfirlýstum tilgangi með vöktuninni og að um vöktun með vinnuskilum hefði verið að ræða. Þá var það jafnframt niðurstaða Persónuverndar að merkingar og fræðsla Stjórnum ehf. samrýmdust ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Viss atriði voru metin Stjórnum ehf. til málsbóta en í ljósi misvísandi svara fyrirtækisins um þá þætti sem Persónuvernd óskaði sérstaklega upplýsinga um og huglægrar afstöðu ábyrgðaraðilans þegar brot átti sér stað var komist að niðurstöðu um sektarlagningu sem fyrr greinir.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Landsbankans

Mál nr. 2020112935

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var undan vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Landsbankans í tengslum við innheimtu hraðasektar. Niðurstaða Persónuverndar var að Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefði verið heimilt að miðla upplýsingum um refsiverða háttsemi kvartanda

til Landsbankans í því skyni að innheimta kröfu um greiðslu hraðasektar. Var miðlunin talin nauðsynleg vegna verks sem var unnið í almannabágu og í þágu lögbundinna verkefna viðkomandi stjórnvalds. Persónuvernd komst einnig að þeirri niðurstöðu að Landsbankanum hefði verið heimilt að vinna sömu persónuupplýsingar í því skyni að færa umrædda kröfu í heimabanka kvartanda, þar sem bankinn hefði haft af því lögmæta hagsmuni sem vógu þyngra en hagsmunir og grundvallarréttindi og frelsi kvartanda umrætt sinn. Loks var það niðurstaða Persónuverndar að ekki hefði verið brotið gegn rétti kvartanda til eyðingar upplýsinga eða leiðréttingar þeirra.

Kvörtun vegna meðferðar á gögnum eftir starfslok hjá Strætó bs.

Mál nr. 2021010249

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem starfsmaður Strætó bs. kvartaði yfir því að samstarfsmaður hefði afritað samtöl þeirra, sem fóru fram á samskiptaforritinu Teams í gegnum aðgang þeirra hjá fyrirtækinu, og afhent mannauðsstjóra fyrirtækisins sem hefði skoðað afrit samtanna og notað upplýsingar sem þar komu fram til að rökstyðja uppsögn kvartanda. Jafnframt laut kvörtunin að því að Strætó bs. hefði ekki veitt kvartanda kost á að afrita og eyða einkatölvupóstum í tölvupósthólf hennar sem ekki tengdust starfsemi fyrirtækisins og að Teams-aðgangi hennar hefði ekki verið lokað við starfslok.

Niðurstaða Persónuverndar var sú að sá þáttur kvörtunarinnar sem laut að því að samstarfsmaður kvartanda hefði tekið skjáskot af samskiptum þeirra á Teams og sent mannauðsstjóra fyrirtækisins með tölvupósti í þeim tilgangi að upplýsa mannauðsstjóran um hegðun kvartanda og tjá skoðun sína á efni samskiptanna sem hann taldi hafa yfir sér kynferðislegan blæ hefði í raun varðað tjáningarfrelsi samstarfsmannsins, það er hvort hann hefði í orði og verki farið út fyrir ramma tjáningarfrelsis síns samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar. Persónuvernd taldi að stofnunin væri því ekki bær til að úrskurða um þennan þátt kvörtunarinnar og var honum vísað frá.

Einnig var það niðurstaða Persónuverndar að ekkert hefði bent til þess að Teams-aðgangur kvartanda hefði enn verið opinn eftir starfslok hennar hjá fyrirtækinu.

Þá var það niðurstaða Persónuverndar að meðferð vinnuveitanda á tölvupósthólf kvartanda hefði ekki verið í samræmi við meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga þar sem Strætó bs. hefði ekki sýnt fram á að hafa gefið kvartanda raunverulegan kost á því, við starfslok hennar hjá fyrirtækinu, að eyða eða taka afrit af einkatölvupósti í pósthólf hennar. Strætó bs. hefði því ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja rétta meðferð tölvupósthólfs við starfslok kvartanda í samræmi við 1. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. einnig a-lið 1. mgr. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, og 4. mgr. 9. gr. þágildandi reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.

Kvörtun vegna vinnslu Skattsins á persónuupplýsingum í tengslum við eftirlit

Mál nr. 2022081372

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Skattinum. Nánar tiltekið var kvartað yfir heimild Skattsins til að afla upplýsinga um innborganir á bankareikning kvartanda í tengslum við eftirlit og gagnsæi þar að lútandi.

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að Skattinum væri heimilt að afla frá öllum aðilum upplýsinga og gagna sem teljast nauðsynleg í þágu eftirlits og rannsókna Skattsins á grundvelli laga nr. 90/2003. Í ljósi þess að Skatturinn aflaði upplýsinga um kvartanda frá viðskiptabanka hans, vegna gruns um réttmæti skattframtala hans, og að upplýsingarnar voru afmarkaðar við ákveðið tímabil, taldi Persónuvernd að Skatturinn hefði sýnt fram á að vinnslan hefði verið nauðsynleg og að upplýsingarnar, sem aflað var, hefðu verið nægilegar í þágu tilgreinds tilgangs. Þá var niðurstaða Persónuverndar að Skattinum hefði ekki verið skylt að veita kvartanda sérstaka fræðslu um öflun upplýsinganna þar sem skýrt er mælt fyrir um öflun eða miðlun upplýsinganna í lögum.

Kvörtun vegna dyrabjöllumyndavélar

Mál nr. 2023101631

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir notkun dyrabjöllumyndavélar í tvíþýlishúsi. Kvartandi málsins hélt því fram að á dyrabjöllunni væri hreyfiskynjari og að myndavél færi í gang í hvert sinn sem gengið væri framhjá. Að virtum

gögnum málsins og andmælum eiganda dyra-
bjöllumyndavélarinnar taldi Persónuvernd á hinn
bóginn ósannað að myndavélin færi í gang við
skynjun hreyfingar. Þótti því jafnframt ósannað að
um væri að ræða rafræna vöktun eins og hún er
skilgreind í persónuverndarlögum. Að því virtu og
með hliðsjón af því að myndefni úr myndavélinni
virtist ekki vistað eða unnið frekar þótti enn fremur
ósannað að vinnsla persónuupplýsinga í tengslum
við notkun vélarinnar væri til annars en einvörðungu
einkanota og að hún heyrði þar með ekki undir
gildissvið persónuverndarlaga.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Easy Park AB

Mál nr. 2020082101

Persónuvernd barst kvörtun yfir vinnslu persónu-
upplýsinga af hálfu Easy Park AB. Fyrirtækið Easy
Park AB er með höfuðstöðvar í Svíþjóð og var því
um vinnslu persónuupplýsinga yfir landamæri að
ræða. Persónuvernd tilkynnti sænsku persónu-
verndarstofnuninni (IMY) um kvörtunina og hóf
síðarnefnda stofnunin rannsókn málsins með
úttekt á vinnslu persónuupplýsinga kvartanda
í samræmi við kvörtun. Taldi sænska persónu-
verndarstofnunin að ekki hefði verið sýnt fram á
að vinnsla Easy Park AB á persónuupplýsingum
um kvartanda umrætt sinn hefði brotið gegn
persónuverndarreglugerðinni. Þann 25. apríl 2024
gaf sænska persónuverndarstofnunin út bráða-
birgðarákvörðun í málinu og í samræmi við 8. mgr.
60. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 samþykkti
Persónuvernd ákvörðun sænsku persónuvernd-
arstofnunarinnar.

Rafræn vöktun í verslun Hagkaups

Mál nr. 2021102006 og 2021102007

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað
var yfir því að upptökur úr eftirlitsmyndavélakerfi
í tiltekinni verslun Hagkaups hefðu verið skoðaðar
og notaðar í tengslum við ágreining málsaðila
um greiðslur fyrir verktakavinnu kvartanda fyrir
fyrirtækið. Þá var einnig kvartað yfir því að verslun-
arstjóri í umræddri verslun hefði skráð hjá sér komu-
og brottfarartíma kvartanda á verkstað á því tímabili
sem verkið var unnið.

Niðurstaða Persónuverndar var að Hagkaup hefði
átt lögmæta hagsmuni af því að skrá hjá sér komu-
og brottfarartíma kvartanda þar sem málsaðilar
höfðu samið um greiðslu verksins í tímavinnu og
uppgjör þess byggði á fjölda unninna vinnustunda.

Hins vegar var það einnig niðurstaða Persónu-
verndar að Hagkaup hefði ekki sýnt fram á að það
efni sem safnaðist með notkun eftirlitsmyndavéla
hefði í umrætt sinn ekki verið notað í öðrum
tilgangi eða að tilgangurinn hefði verið sá sami
og tilgangur rafrænnar vöktunar var ákveðinn í
upphafi, þ.e. í öryggis- og eignavörsluskyni. Þá
taldi Persónuvernd að Hagkaup hefði verið skylt,
á grundvelli fræðsluskyldu persónuverndarlaga
og þágildandi reglna um rafræna vöktun, að upp-
lýsa kvartanda sérstaklega um eftirlitsmynda-
vélnar umfram þær almennu merkingar sem var
að finna við innganga umræddrar verslunar.

Kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu starfsmanna lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

Mál nr. 2021061342

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað
var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu starfs-
manna lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Kvartandi málsins hélt því fram að starfsmaður
lögreglunnar, sem fór með ábyrgð vöktunar og
eftirlits að [...] á þeim tíma, hefði tekið upp efni
úr eftirlitsmyndavél á símtæki sitt og dreift þeim
upplýsingum til óviðkomandi, t.d. [...]. Persónu-
vernd taldi ósannað að farið hefði fram vinnsla
persónuupplýsinga með sjálfvirkum hætti eða
vinnsla upplýsinga sem voru eða áttu að verða hluti
af skrá. Þá taldi Persónuvernd jafnframt ósannað
að farið hefði fram vinnsla persónuupplýsinga sem
fellur undir gildissvið laga nr. 75/2019 um vinnslu
persónuupplýsinga í löggæslutilgangi og þar með
valdsvið stofnunarinnar.

Kvörtun yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Fiskistofu

Mál nr. 2023030630

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað
var yfir myndbandsupptökum Fiskistofu með
dróna. Nánar tiltekið var kvartað yfir að Fiskistofa
hefði fylgst með veiðum fiskiskips og notað við
það dróna með myndavél. Jafnframt var gerð krafa
um að Persónuvernd legði fyrir Fiskistofu að eyða
umræddum myndbandsupptökum.

Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Fiski-
stofu á persónuupplýsingum kvartanda hefði
ekki grundvallast á vinnsluheimild á þeim tíma
sem vinnslan fór fram. Þá samrýmdist hún hvorki
meginreglu persónuverndarlaganna um gagn-
sæi né reglum um fræðsluskyldu. Með hliðsjón af

þeim breytingum sem orðið hafa á gildandi rétti og heimildum Fiskistofu til vinnslu persónuupplýsinga þótti ekki tilefni til að beina fyrirætlum til Fiskistofu í úrskurðinum. Það var einnig niðurstaða Persónuverndar að Fiskistofu væri óheimilt að eyða myndbandsupptökunum úr málaskrá sinni samkvæmt reglum um opinber skjalasöfn. Persónuvernd taldi Fiskistofu því heimilt að varðveita gögnin nema Þjóðskjalasafn Íslands veitti heimild fyrir eyðingu þeirra.

Uppflettingar trúnaðarlæknis Samgöngustofu í sjúkraskrá

Mál nr. 2023071182

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir uppflettingum trúnaðarlæknis Samgöngustofu í sjúkraskrá kvartanda og meðferð Samgöngustofu á viðkvæmum persónuupplýsingum. Með vísan til þess að í sjúkraskrá er að finna mjög viðkvæmar persónuupplýsingar taldi kvartandi að aðrir en þeir læknar og heilbrigðisstarfsfólk sem hann leitaði sjálfur til í meðferðarskyni ættu ekki að hafa aðgang að henni. Kvartandi taldi því að trúnaðarlækni Samgöngustofu hefði borið að óska frekari upplýsinga frá meðferðarlækni hans eða fá samþykki kvartanda fyrir frekari upplýsingaöflun ef hann taldi sig þurfa gleggri mynd af heilsufari hans.

Samgöngustofa byggði á því að nauðsynlegt hefði verið fyrir trúnaðarlækni stofnunarinnar að fletta upp í sjúkraskrá kvartanda vegna þess eftirlits sem Samgöngustofa fer með, m.a. samkvæmt ákvæðum laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Hefði trúnaðarlækni stofnunarinnar verið úthlutaður aðgangur að sameiginlegri sjúkraskrá á grundvelli samnings Samgöngustofu og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í samræmi við VI. kafla laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár.

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir þær eftirlitsskyldur sem hvíla á Samgöngustofu og heimildir hennar til að afla og vinna heilsufarsupplýsingar þar að lútandi hefði skort skýra lagaheimild til að veita trúnaðarlækni stofnunarinnar beinan aðgang að sjúkraskrá samkvæmt 12. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Að því virtu að trúnaðarlæknir Samgöngustofu sinni ekki meðferð kvartanda taldi Persónuvernd enn fremur ekki fyrir hendi lagaheimild fyrir aðgangi hans að sjúkraskrá kvartanda í öðrum ákvæðum laga nr. 55/2009. Loks taldi Persónuvernd skilyrði 20. gr. laganna, um sameiginlegt sjúkraskrárkerfi,

ekki vera fyrir hendi í málinu en þar er áskilið að rekstur slíks kerfis sé í þágu öryggis sjúklinga við meðferð.

Að framangreindu virtu taldi Persónuvernd upp-flettingu trúnaðarlæknis Samgöngustofu í sjúkraskrá kvartanda ekki uppfylla áskilnað 3. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, um að vinnsla persónuupplýsinga sé nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, og var vinnslan þegar af þeirri ástæðu talin óheimil og ólögmæt. Með hliðsjón af þeirri niðurstöðu var frekari vinnsla Samgöngustofu á upplýsingum úr sjúkraskrá kvartanda, þ.e. varðveisla þeirra og áframsending, jafnframt talin óheimil og ólögmæt.

Þá taldi Persónuvernd að fyrirbyggjandi samningur Samgöngustofu og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um sameiginlegt sjúkraskrárkerfi uppfyllti ekki að öðru leyti skilyrði 20. gr. laga nr. 55/2009, þar sem hvorki lá fyrir leyfi ráðherra né staðfesting Persónuverndar á öryggi persónuupplýsinga í kerfinu.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Keldunnar ehf.

Mál nr. 2023040746

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Keldunnar ehf. Laut kvörtunin nánar til tekið að því að félagið hefði safnað persónuupplýsingum um kvartanda og skráð þær á svokallaðan PEP-lista en skráningin byggðist á stöðu kvartanda sem þingmanns.

Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan væri Keldunni ehf. heimil á grundvelli 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018 og f-liðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og að vinnslan uppfyllti skilyrði 5. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna, sbr. e-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Jafnframt komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að ekki yrði séð að vinnslan bryti í bága við meginreglur 1. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.

VÍS heimilt að senda viðskiptavinum þjónustukönnun í kjölfar símtals

Mál nr. 2023122032

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem ágrein-ingur var um heimild VÍS til að tengja símanúmer kvartanda við viðskiptamannaskrá félagsins, þegar hann hringdi í félagið til að bera upp almenna fyrirspurn, án þess að gefa upp nafn

sitt, og nota upplýsingar þaðan til að senda honum í kjölfarið tölvupóst með þjónustukönnun. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að VÍS hefði verið þetta heimilt á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins. Var þá m.a. litið til þess að kvartandi var viðskiptavinur VÍS, að um almennar persónuupplýsingar var að ræða og að vinnslan var í samræmi við skýrt tilgreindan tilgang fyrir vinnslu tengiliðaupplýsinga í persónuverndarstefnu félagsins, sem m.a. var vísað til í fyrrgreindum tölvupósti, þar sem kvartanda var jafnframt veitt færi á að andmæla vinnslunni. Taldi Persónuvernd því að áhrif vinnslunnar á kvartanda hefðu verið afar takmörkuð og hagsmunir hans ekki vegið þyngra en hagsmunir VÍS í þessu sambandi. Persónuvernd komst einnig að þeirri niðurstöðu að andmælaréttur kvartanda hefði verið virtur þar sem skýrar leiðbeiningar voru í tölvupóstinum um hvernig hann gæti með einföldum hætti andmælt því að fá þjónustukannanir félagsins sendar framvegis.

Meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Mál nr. 2024020251

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartandi taldi að lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefði verið óheimilt að umbreyta rafrænum áverkajósmyndum í skjallæg gögn, þegar þær voru gerðar hluti af sönnunargögnum máls, og miðla þeim til réttargæslumanns, verjanda sakbornings og sakbornings. Að mati kvartanda bar lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu að nýta sér heimild 3. mgr. 37. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, við rannsókn málsins. Samkvæmt lagaákvæðinu getur lögreglan synjað verjanda um aðgang að einstökum skjölum og öðrum gögnum meðan á rannsókn máls stendur ef brýnir einkahagsmunir annarra en skjólstæðings hans standa því í vegi. Kvartandi taldi einnig að lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefði borið að afmá persónugreinanlegar upplýsingar af áverkajósmyndunum.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu byggði á því að tilgangurinn að baki því að gera áverkajósmyndir af kvartanda hluta af rannsóknarskýrslu sakamáls, sem var til rannsóknar hjá embættinu, og miðla þeim þannig til héraðssaksóknara, hefði verið að ljósra upp um brot og fylgja því eftir í samræmi við lög um meðferð sakamála. Nauðsynlegt hefði verið að setja tilgreindar áverkajósmyndir af kvartanda í rannsóknarskýrslu sem gerð var vegna málsins svo hægt væri að leggja skýrsluna fyrir ákærvald

og síðar dómstól en vinnsla sönnunargagna hjá lögreglu verði að bera með sér að hægt sé að sannreyna ákveðna þætti eins og að á myndum séu þeir einstaklingar sem séu aðilar máls. Því samrýmist ekki alltaf meðferð sönnunargagna í sakamáli að persónueinkenni séu afmáð að öllu leyti. Hvað varðar aðgang sakbornings að málsgögnum vísaði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu til þess að jafnræði málsaðila væri ein af meginreglum sakamálaréttarfarsins og afar mikilvægur þáttur í réttindum sakborninga til að hljóta réttláta málsmeðferð fyrir dómi.

Með vísan til þeirra skýringa lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, um að tilgangur þess að gera áverkajósmyndir af kvartanda hluta af rannsóknarskýrslu sakamáls hefði verið að ljósra upp um brot og fylgja því eftir í samræmi við lög um meðferð sakamála, var það niðurstaða Persónuverndar að LRH hefði sýnt með fullnægjandi hætti fram á nauðsyn framangreindrar vinnslu persónuupplýsinga og að persónuupplýsingar um kvartanda hefðu verið nægilegar, viðeigandi og ekki langt umfram það sem nauðsynlegt var miðað við framangreindan tilgang, sbr. a- og c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/2019.

Að virtri framangreindri niðurstöðu og með hliðsjón af þeim ríku hagsmunum sem búa að baki þeirri lagaskyldu að afhenda verjanda, jafnskiótt og unnt er, afrit af öllum skjölum máls sem varða skjólstæðing hans var það einnig niðurstaða Persónuverndar að miðlun áverkajósmynda af kvartanda til verjanda sakbornings hefði uppfyllt skilyrði um nauðsyn samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 75/2019. Var það jafnframt niðurstaða Persónuverndar að brýna nauðsyn hefði borið til miðlunar áverkajósmyndanna til réttargæslumanns kvartanda, sem hefði farið saman við hagsmuni kvartanda. Við þessa niðurstöðu var einnig litið til þess að verjandi og réttargæslumaður eru bundnir þagnarskyldu á grundvelli laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og má ætla að lögreglan líti til þess við mat á því hvort synja beri um aðgang að einstökum skjölum og gögnum á meðan rannsókn máls stendur.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá lögreglunni á Suðurnesjum

Mál nr. 202311792

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir skoðun lögreglunnar á Suðurnesjum á vinnutölvum, prentara- og ljósritunarnotkun kvart-

enda í starfi þeirra hjá embættinu, aðgangi annarra starfsmanna embættisins að tölvupósthólfum og skráarsvæðum þeirra og meðferð tölvupósthólfa og skráarsvæða kvartenda við starfslok.

Niðurstaða Persónuverndar var að sú vinnsla lögreglunnar á Suðurnesjum, sem fólst í skoðun á aðgerðaskráningu fyrir notkun kvartenda á prentara og ljósritunarvél embættisins, hefði verið nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna embættisins og annarra starfsmanna þess. Jafnframt var ekki talið að hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi kvartenda, sem krefjast verndar persónuupplýsinga, hefðu vegið þyngra en hagsmunirnir af vinnslunni. Var vinnslan því talin heimil á grundvelli 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018 og f-liðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Einnig var vinnslan talin í samræmi við meginreglur 1.-3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna, sbr. a-, b- og c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Það var einnig niðurstaða Persónuverndar að lögreglunni á Suðurnesjum hefði borið að meta hvort kvartendum hefði átt að vera gefinn kostur á að vera viðstaddir skoðun á tölvupósthólfi sínu og við það tækifæri veittur kostur á að eyða eða taka afrit af sínum einkagögnum. Var meðferð embættisins á tölvupósthólfum og skráarsvæðum kvartenda að þessu leyti ekki í samræmi við 4. mgr. 9. gr. þágildandi reglna nr. 837/2006. Hins vegar væri til þess að líta að síðari ár hefur orðið sú breyting að ótakmarkað framboð er nú á tölvupósthólfum og skráarsvæðum til einkanota og að almennt er ekki gert ráð fyrir að einstaklingar ráðstafi tölvupósthólfi eða skráarsvæði, sem þeir fá úthlutað á vinnustað, til persónulegra nota.

Þá var talið ósannað að aðrir starfsmenn lögreglunnar á Suðurnesjum hefði haft aðgang að tölvupósthólfum og öðrum tölvugögnum kvartenda.

Rafræn vöktun af hálfu Krónunnar

Mál nr. 2023010073

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir heimild Krónunnar til rafrænnar vöktunar á almannafæri og umfangi vöktunar við verslanir félagsins í Grafarholti og Garðabæ. Jafnframt laut kvörtun að því að Krónan uppfyllti ekki fræðsluskyldu sína til hinna skráðu vegna vöktunarinnar. Niðurstaða Persónuverndar var að Krónan hefði heimild til rafrænnar vöktunar með notkun eftirlitsmyndavéla á útisvæði verslana á

grundvelli lögmætra hagsmuna við öryggis- og eignavörslu. Þá hefði Krónan gætt meðalhófs við vöktunina en samkvæmt framlögðum skjáskotum var sjónsvið myndavélanna takmarkað við bílastæði og athafnasvæði félagsins með skyggingu sjónsviðs utan þess svæðis. Hins vegar var það einnig niðurstaða Persónuverndar, að á þeim tíma sem atvik málsins áttu sér stað, skorti á að Krónan gerði þeim einstaklingum sem áttu að sæta rafrænni vöktun viðvart, áður en þeir komu inn á vaktad svæði eða vöktun hófst, um að rafræn vöktun færi fram á bílastæðum verslana Krónunnar í Grafarholti og Garðabæ. Einnig skorti á að hinum skráðu væru veittar fullnægjandi upplýsingar um rafræna vöktun í þágildandi persónuverndar-stefnu Krónunnar. Undir rannsókn málsins bætti Krónan við merkingum um rafræna vöktun á útisvæði verslana, þar sem hinum skráðu eru veittar upplýsingar og fræðsla í samræmi við ákvæði persónuverndarlöggjafarinnar, ásamt því að uppfæra persónuverndarstefnu á vefsíðu félagsins. Þótti því ekki koma til álita að gefa Krónunni fyrirsmæli um úrbætur.

Uppflettingar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra í málaskrárám lögreglu

Mál nr. 2023091473

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir uppflettingum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH) og ríkislögreglustjóra (RLS) í málaskrárám lögreglu (LÖKE). Laut kvörtunin nánar tiltekið að því hvort uppflettingarnar hefðu verið lögmætar og nauðsynlegar vegna verkefna í löggæslutilgangi, hvort þær hefðu verið framkvæmdar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og hvort þær hefðu verið nægilegar, viðeigandi og ekki langt umfram það sem nauðsynlegt var miðað við tilgang vinnslunnar, sbr. a- til c-liði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Að auki var kvartað yfir því að LRH og RLS hefðu ekki veitt viðeigandi upplýsingar um tilgang uppflettinganna, fjölda þeirra og um viðtakendur persónuupplýsinga. Niðurstaða Persónuverndar var að RLS hefði sýnt fram á að embættið hefði ekki flett kvartanda upp í LÖKE í því tilviki sem kvartað var yfir. Þá var komist að þeirri niðurstöðu að uppflettingar LRH hefðu samrýmt meginreglum a- til c-liðar 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/2019. Hins vegar hefði LRH ekki veitt kvartanda viðeigandi upplýsingar um tilgang uppflettinga á kennitölu hans í LÖKE og um

viðtakendur persónuupplýsinga hans eða skýringar á synjun þar að lútandi, til samræmis við ákvæði 13. gr. laga nr. 75/2019. Kvartandi hefði þó ekki átt rétt til upplýsinga um fjölda uppflettinga í LÖKE.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Creditinfo Lánstrausts hf. og Inkasso-Momentum ehf.

Mál nr. 2023121926

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Creditinfo Lánstrausts hf. (Creditinfo) og Inkasso - Momentum ehf. (Inkasso). Laut kvörtunin nánar tiltekið að því að Inkasso hefði verið óheimilt að vakta kennitölu kvartanda í vanskilaskrá Creditinfo og því að Creditinfo hefði ekki tilkynnt kvartanda samstundis um upphaf vöktunarinnar og ekki brugðist við athugasemdum hans þess efnis að vöktunin væri óheimil. Að auki var kvartað yfir ófullnægjandi upplýsingagjöf Creditinfo vegna breytinga á skýrslu um lánshæfi kvartanda. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Inkasso á persónuupplýsingum kvartanda, sem fólst í vöktun kennitölu hans í gagnagrunni Creditinfo, hefði ekki stuðst við viðeigandi vinnsluheimild. Að auki hefði upplýsingagjöf Creditinfo hvað varðar breytingar á skýrslu um lánshæfi kvartanda ekki verið nægilega skýr. Hins vegar hefði Creditinfo brugðist við andmælum kvartanda með viðeigandi hætti og uppfyllt tilkynningarskyldu og eftirlitsskyldu reglugerðar nr. 606/2023 og starfsleyfis félagsins.

Kvörtun vegna eftirlitsmyndavélar á lóð nágranna

Mál nr. 2023101573

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir notkun eftirlitsmyndavélar á lóð nágranna í parhúsi. Kvartendur málsins héldu því fram að nágranni þeirra beindi eftirlitsmyndavél sinni að framlóð þeirra og að sjónsvið vélarinnar næði yfir alla framhlið hússins, útihurð, innkeyrslu og pottasvæði. Persónuvernd taldi, með vísan til gagna málsins og andmæla eiganda eftirlitsmyndavélarinnar, að sjónsvið umræddrar vélar færi ekki út fyrir einkalóð eigandans og ekkert benti til þess að myndefni hefði verið vistað, því miðlað til þriðja aðila eða að frekari vinnsla hefði átt sér stað. Því þótti ósannað að eigandi eftirlitsmyndavélarinnar viðhefði slíka vöktun í garð kvartenda eða safnaði persónuupplýsingum í tengslum við hana þannig að hún félli undir gildissvið, eða færi í bága við, ákvæði laga nr. 90/2018. Á hinn bóginn taldi Persónuvernd, með vísan til tæknilegra eiginleika umræddar eftirlitsmyndavélar, að mögulegt væri að færa sjónsvið hennar og taka upp hljóð og því ljóst að við notkun hennar gæti farið fram vinnsla persónuupplýsinga í skilningi framangreindra laga.

Frávísanir og mál ekki tekin til meðferðar

Alls var 82 kvörtunum vísað frá eða þær ekki teknar til meðferðar. Taldi Persónuvernd þá ekki nægt tilefni til rannsóknar eða álitaefnið falla utan gildissviðs persónuverndarlöggjafarinnar, umkvörtunarefnið varða mörk tjáningarfrelsis og persónuverndar eða að fyrir hendi væri aðildarskortur í málinu.

Mál sem felld voru niður, áframsend eða dregin til baka

Alls 26 mál voru felld niður, ýmist þar sem svör bárust ekki frá kvartanda, gögn vantaði eða ekki var lengur talin þörf á úrlausn með hliðsjón af svörum ábyrgðaraðila. Tvö mál voru dregin til baka. Tvö mál voru áframsend frá Persónuvernd til viðeigandi stjórnvalds.

Málum lokið með fyrirmælum

Átta málum lauk með útgáfu leiðbeininga eða tilmæla til ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila. Flest málín vörðuðu rafræna vöktun einstaklinga á eigin húsnæði.



PERSÓNU
VERND

Umsagnir, leyfisveitingar og álitsbeiðnir

Umsagnir

Persónuvernd tók til skoðunar 58 lagafrumvörp og drög að frumvörpum, reglugerðum o.fl., sem voru birt til umsagnar af hálfu Alþingis, í samráðsgátt stjórnvalda eða send stofnuninni til umsagnar á annan hátt. Umsagnir voru veittar í 32 málum, þar á meðal um frumvörp til laga um skipan upplýsingatækni í rekstri ríkisins, endurskoðun örorkulífeyris, réttindagæslumenn fyrir fatlað fólk, breytingar á lögum um sjúkratryggingar og fleiri mál.

Veitt leyfi

Persónuvernd bárust 19 beiðnir um leyfi vegna vinnslu persónuupplýsinga. Í 17 tilvikum var máli lokið með veitingu leyfis og í öðrum tilvikum var vinnslan ekki talin leyfisskyld.

Álitsbeiðnir

Persónuvernd bárust átta álitsbeiðnir um ýmis málefni á árinu, þar á meðal um miðlun starfsumsóknna til umsækjenda, vinnslu skilríkja og aðgangsrétt.

Önnur markverð mál

Heimildir Barna- og fjölskyldustofu til miðlunar upplýsinga um fósturbörn og fósturforeldra til Þjóðskrár

Mál nr. 2024040755

Persónuvernd tók afstöðu til erindis Barna- og fjölskyldustofu varðandi heimildir þeirrar stofnunar til að miðla upplýsingum um fósturbörn og fósturforeldra til Þjóðskrár Íslands. Erindið barst eftir að forsjárskráning barna var tekin í notkun hjá Þjóðskrá í stað notkunar fjölskyldunúmera til að veita aðgang að rafrænum þjónustugáttum hjá stjórnvöldum, en á grundvelli nýja fyrirkomulagsins höfðu fósturforeldrar ekki slíkan aðgang og olli það umtalsverðum vanda. Var það mat Persónuverndar að á grundvelli ákvæða í lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2019 gæti öflun Þjóðskrár á umræddum upplýsingum fallið undir heimildarákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Var því talið að hún gæti rúmast innan persónuverndarlaganna.

Ábyrgð á upplýsingakerfinu Innu

Mál nr. 2022061010

Persónuvernd veitti leiðbeinandi svar til barna- og menntamálaráðuneytisins, Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og Advania Íslands um ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga í Innu, upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla. Tekið var fram að ráðuneytið væri ábyrgðaraðili kennslukerfis Innu hvað snerti miðlæga þætti en að einstakir framhaldsskólar bæru ábyrgð á færslu upplýsinga í kerfið sem þeir tækju ákvörðun um sjálfir. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu var álitin ábyrgðaraðili innritunargáttar, en um svonefnt skólakerfi var niðurstaða um ábyrgð sú sama og hvað snerti kennslukerfið. Enn fremur töldust einstakir skólar vera ábyrgðaraðilar vinnslu í umsóknarkerfi vegna framhaldsnáms sem sótt var um eða greitt fyrir sérstaklega, auk þess sem Advania Ísland taldist vera vinnsluaðili vegna allra kerfisþátta. Minnt var á skyldur hvað snerti samkomulag sameiginlegra ábyrgðaraðila og vinnslusamninga. Þá var svarleysi stjórnvalda á sviði menntamála átalíð.

Erlent samstarf

Með aukinni notkun fjarfundabúnaðar hefur þátttaka Persónuverndar í erlendu samstarfi tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum. Auðveldara er fyrir stofnunina að sækja fundi með þeim hætti og þá hefur fjarfundatæknin gert það að verkum að samstarf milli norrænna persónuverndarstofnana hefur aukist frá því sem áður var.

Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Norrænu persónuverndarstofnanirnar hafa lengi haft með sér samvinnu á sviði persónuverndar, meðal annars með því að vinna saman að stefnumótun á sviði eftirlitsaðgerða og með því að deila hagnýtri þekkingu og reynslu á milli stofnananna, svo sem um mótun verklags og aukna skilvirkni við afgreiðslu mála.

Árlegur fundur norrænna persónuverndarstofnana

Sameiginlegur árlegur fundur norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Osló dagana 29.-31. maí 2024. Fundinn sóttu forstjórar norrænu persónuverndarstofnananna ásamt lögfræðingum og upplýsingatæknisérfræðingum. Fimm starfsmenn frá Persónuvernd sóttu fundinn. Á honum var meðal annars rætt um réttindi barna í samhengi við leikjaspilun á netinu, nýja löggjöf frá Evrópusambandinu (The Digital Services Act Package), gervigreind og samspil nýrrar löggjafar um hana við persónuverndarlöggjöfina, álagningu stjórnvaldssekta og fræðslu. Einnig var fjallað um fjármögnun persónuverndarstofnananna, skilvirkni og forgangsöðun í eftirliti og áframhaldandi samvinnu stofnananna. Á fundinum var undirrituð sérstök yfirlýsing, Oslóaryfirlýsingin, um áframhaldandi samstarf og áhersluatriði stofnananna.

Umræðufundir forstjóra norrænu stofnananna

Forstjórar norrænu persónuverndarstofnananna hittust reglulega á fjarfundum til að ræða málefni tengd rekstri og starfsumhverfi stofnananna sem og þau mál sem efst voru á baugi í persónuverndarheiminum hverju sinni.

Umræðufundir yfirmanna erlends samstarfs hjá norrænu stofnununum

Yfirmenn erlends samstarfs hjá norrænu persónuverndarstofnununum hittust reglulega á fjarfundum til að ræða mál tengd samvinnu stofnananna á sviði erlends samstarfs.

Norrænn umræðuhópur sérfræðinga í upplýsingaöryggi

Sérfræðingar í upplýsingaöryggi hjá norrænu persónuverndarstofnununum hittust reglulega til að ræða málefni tengd upplýsingaöryggi.

Norrænn vinnuhópur um greiningar og stefnumótun (e. Nordic Forum for Analysis and Foresight)

Persónuvernd tók þátt í vinnuhópi norrænu persónuverndarstofnananna um greiningar og stefnumótun.

Norrænn vinnuhópur um leikjaspilun barna á netinu (e. Working Group on Children and Online Gaming)

Í kjölfar fundar norrænna persónuverndarstofnana, sem haldinn var í Reykjavík í maí 2023, var myndaður óformlegur vinnuhópur um leikjaspilun barna á netinu. Hópurinn hafði það meginhlutverk að huga að sameiginlegri vitundarvakningu og veita leiðsögn til að efla persónuvernd barna í leikjaspilun á netinu. Hópurinn fundaði reglulega í gegnum fjarfundabúnað og útbjó leiðbeiningar til leikjaframleiðenda með ákveðnum grunnreglum sem huga þarf að við hönnun og þróun stafrænna leikja til að tryggja að réttindi barna séu virt. Á fundi norrænna persónuverndarstofnana sem haldinn var í Osló 29.-31. maí 2024 var leiðbeiningaskjalið samþykkt og hefur það nú verið birt.

Norrænn vinnuhópur um innri notkun gervigreindar (e. Nordic Working Group on Internal AI)

Í kjölfar fundar norrænu persónuverndarstofnananna, sem haldinn var í Osló dagana 29.-31. maí 2024, var stofnaður vinnuhópur um innri notkun persónuverndarstofnana á gervigreind. Helsta markmið hópsins var að skapa vettvang fyrir óformlegar samræður um stöðu og stefnu hversrar stofnunar varðandi þróun og notkun gervigreindar í eigin starfsemi. Hópurinn hélt reglulega fundi yfir árið.

Norrænn vinnuhópur um skilvirka afgreiðslu kvartana

Persónuvernd hefur síðastliðin ár tekið þátt í vinnuhópi norrænna persónuverndarstofnana um skilvirka afgreiðslu kvartana og tók jafnframt við stjórn hópsins í maí 2024. Í hópnum eiga sæti starfsmenn sem hafa umsjón með afgreiðslu kvartana hjá stofnununum og nýtist hann einkum sem vettvangur fyrir umræður um verklag og skilvirkni í málaflokknum. Hópurinn fundar á um þriggja mánaða fresti í gegnum fjarfundabúnað.

Norrænn vinnuhópur um Schengen-upplýsingakerfin

Á fundi norrænu persónuverndarstofnananna, sem haldinn var í Osló í maí 2024, var stofnaður vinnuhópur um Schengen-upplýsingakerfin. Hópnum er ætlað að ræða málefni tengd Schengen-upplýsingakerfunum, svo sem samþættingu upplýsingakerfanna og innleiðingu komu- og brottfararkerfisins (e. EES) og ferðaheimildakerfisins (e. ETIAS). Hópurinn fundaði tvisvar á árinu.

Evrópskt samstarf

Starf Evrópska persónuverndarráðsins

Evrópska persónuverndarráðið (EDPB) er sjálfstæð stofnun innan Evrópu-sambandsins sem komið var á fót með almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR), sem tók gildi 25. maí 2018. Ráðinu er ætlað að stuðla að samræmdri beitingu persónuverndarreglna á Evrópska efnahagssvæðinu og samvinnu á milli persónuverndarstofnana svæðisins. Persónuvernd á sæti í ráðinu. Evrópska persónuverndarráðið hélt 12 fundi á árinu 2024. Sjö fundir voru haldnir með notkun fjarfundabúnaðar og fimm fundir voru haldnir í Brussel. Á árinu var samþykktur fjöldi leiðbeininga, álita, tilmæla og ákvarðana í ráðinu. Lista yfir öll skjöl sem samþykkt voru má finna á vefsíðu ráðsins.

Þátttaka í sérfræðingahópum Evrópska persónuverndarráðsins

Evrópska persónuverndarráðið starfrækir fjölda sérfræðingahópa (e. Expert Subgroups) og vinnuhópa (e. Task Forces) sem fjalla um vinnslu persónu-

upplýsinga á afmörkuðum sviðum og önnur sameiginleg málefni persónuverndarstofnana sem eiga aðild að ráðinu. Á vettvangi þessara hópa er meðal annars unnið að undirbúningi mála sem tekin eru fyrir á fundum ráðsins, svo sem leiðbeininga og álita, og önnur sameiginleg málefni rædd. Persónuvernd tekur þátt í undirhópum ráðsins enda er þátttaka í starfi ráðsins grundvallaratriði í að tryggja samræmda túlkun ákvæða persónuverndarlöggjafarinnar á Evrópska efnahagssvæðinu. Aukin notkun fjarfundabúnaðar hefur gert stofnuninni auðveldara að taka þátt í starfi þessara hópa, þótt stofnunin hafi að svo stöddu ekki bolmagn til að taka þátt í þeim öllum. Bæði lögfræðingar og sérfræðingur í upplýsingatækni sóttu fundi í hópunum á árinu.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir starfi þeirra hópa sem Persónuvernd tók þátt í á árinu 2024. Þá verður jafnframt stuttlega gerð grein fyrir þeim hópum sem ekki var unnt að taka þátt í.

Stefnumótandi sérfræðingahópur EDPB

Á árinu voru haldnir 13 fundir í stefnumótandi sérfræðingahópi Evrópska persónuverndarráðsins (e. Strategic Advisory Expert Subgroup). Hópurinn tekur fyrir álitamál sem varða stefnu ráðsins. Þar undir falla til dæmis stefnumótun, vinnuáætlun og málsmeðferðarreglur ráðsins, stefnumarkandi ákvarðanir um lagaleg álitaefni og túlkun sem aðrir vinnuhópar eða sérfræðingahópar óska úrlausnar um, og skjöl sem afgreiða þarf innan lögbundinna tímafresta (sbr. ákvæði 64(2), 65 og 66 í almennum persónuverndarreglugerðinni).

Sérfræðingahópur EDPB um lykilákvæði persónuverndarreglugerðarinnar

Á árinu voru haldnir 19 fundir í sérfræðingahópi um lykilákvæði almennum persónuverndarreglugerðarinnar (e. Key Provisions Expert Subgroup). Verkefni hópsins lúta einkum að gerð leiðbeininga um helstu ákvæði persónuverndarreglugerðarinnar í því skyni að tryggja samræmda túlkun á Evrópska efnahagssvæðinu, og undirbúning álita og annarra skjala sem tekin eru fyrir á fundum Evrópska persónuverndarráðsins og tengjast sömu ákvæðum reglugerðarinnar. Meðal verkefna hópsins á árinu var gerð álits um gervigreindarlíkön (EDPB Opinion on AI Models: GDPR Principles Support Responsible AI).

Sérfræðingahópur EDPB um reglufylgni, stafræna stjórnsýslu og heilbrigðismál

Á árinu voru haldnir 17 fundir í sérfræðingahópi um reglufylgni, stafræna stjórnsýslu og heilbrigðismál (e. Compliance, E-Government and Health Expert Subgroup). Hópurinn sér um afgreiðslu einstakra mála, svo sem vottana vegna hátternisreglna, samræmingu viðbragða í einstaka málum, undirbúning ákvarðana Evrópska persónuverndarráðsins og stefnumótun í málaflokknum almennt. Meðal annars var unnið að leiðbeiningum vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði, en fulltrúi Persónuverndar tók þátt í þeirri vinnu.

Samskiptanet EDPB

Samskiptanet Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB Communications Network) er vettvangur fyrir persónuverndarstofnanir í Evrópu til að skiptast á upplýsingum um það sem hæst ber í málum tengdum persónuvernd með fljótum og skilvirkum hætti. Samskiptanetið stuðlar að samræmdri stefnumótun og framkvæmd persónuverndarreglugerðarinnar (GDPR) í öllum löndum Evrópu.

Sérfræðingahópur EDPB um samvinnu

Sérfræðingahópur um samvinnu (e. Cooperation Expert Subgroup) fundaði níu sinnum á árinu. Helstu áherslur hópsins eru að stuðla með almennum hætti að skilvirku samstarfi milli aðildarríkja til að tryggja samræmingu í beitingu almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Verkefni hópsins lúta einna helst að því að vinna í sameiningu að markmiðum um einsleita málsmeðferð í málum sem varða vinnslu persónuupplýsinga yfir landamæri og um samræmingu í afgreiðslu mála sem varða vinnslu persónuupplýsinga utan Evrópu. Þá vinnur hópurinn að gagnkvæmri aðstoð á alþjóðlegum vettvangi til að tryggja fylgni við persónuverndarreglugerðina.

Sérfræðingahópur EDPB um upplýsingatækni

Sérfræðingahópur um upplýsingatækni (e. Technology Expert Subgroup) fundaði 18 sinnum á árinu. Hópurinn fjallar meðal annars um málefni tengd tækni, nýsköpun, upplýsingaöryggi, dulkóðun og gervigreind. Þá heyra undir hann málefni tengd tilkynningum um öryggisbresti, mati á áhrifum á persónuvernd og tækninýjungum.

Samráðshópur persónuverndarfulltrúa persónuverndarstofnana innan EDPB

Persónuverndarfulltrúi Persónuverndar tók þátt í samráðshópi persónuverndarfulltrúa persónuverndarstofnana sem starfræktur er á vegum Evrópska persónuverndarráðsins (e. EDPB Data Protection Officer Network). Samstarfinu er ætlað að auka upplýsingaflæði milli persónuverndarfulltrúa og stuðla þannig meðal annars að betri upplýsingagjöf og einsleitni í framkvæmd persónuverndarlöggjafarinnar.

Aðrir sérfræðinga- og vinnuhópar EDPB

Eftirtaldir sérfræðinga- og vinnuhópar voru einnig starfræktir á vegum Evrópska persónuverndarráðsins á árinu 2024, en Persónuvernd hafði ekki tök á að taka þátt í þeim:

- Sérfræðingahópur EDPB um löggæslu, landamæri og farþegaupplýsingar (e. Borders, Travel and Law Enforcement Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur EDPB um fjárhagsleg málefni (e. Financial Matters Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur EDPB um samfélagsmiðla (e. Social Media Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur EDPB um upplýsingakerfi (e. IT Users Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur um flutning persónuupplýsinga á milli landa (International Transfers Expert Subgroup)
- Sérfræðingahópur um framkvæmd persónuverndarlöggjafarinnar (Enforcement Expert Subgroup)
- Vinnuhópur um ChatGPT (Task Force on Chat GPT)
- Vinnuhópur um álagningu stjórnvaldssekta (Task Force on Fining)
- Vinnuhópur um þátttöku í alþjóðlegu samstarfi (Task Force on International Engagement)

Samstarf á vegum Evrópska persónuverndarráðsins og Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar tengt meðferð persónuupplýsinga í umfangsmiklum upplýsingakerfum

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins voru haldnir fundir eftirlitsnefndar sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í umfangsmiklum upplýsingakerfum á vegum Evrópusambandsins (e. Coordinated Supervision Committee, CSC). Kerfi sem nefndin hefur eftirlit með eru IMI, SIS, EES, ETIAS, Eurojust, EPPO og Europol, og situr Persónuvernd þá fundi sem varða IMI, SIS, EES og ETIAS. Haldnir voru sex fundir á árinu.

Á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (EDPS – European Data Protection Supervisor) voru haldnir fundir nefndar til samræmingar á eftirliti með VIS-gagnagrunninum (e. VIS Supervision Coordination Group). Að auki voru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í Eurodac-fingrafarakerfinu (e. EURODAC Supervision Coordination Group). Haldnir voru tveir fundir í hvorri nefnd á árinu. Fyrirhugað er að eftirlitsnefnd Evrópska persónuverndarráðsins (CSC) taki á næstu árum við eftirliti með VIS og EURODAC.

Schengen-mat á Slóvakíu

Aðildarríki Schengen sæta reglulega mati á því hvernig þau standa við lögbundnar skuldbindingar sínar, meðal annars á sviði persónuverndar í Schengen-upplýsingakerfinu (SIS II) og gagnagrunni fyrir vegabréfsáritanir (VIS). Framkvæmdastjórn ESB og önnur aðildarríki framkvæma matið. Persónuvernd hefur undanfarin ár tilnefnt sérfræðinga á sviði persónuverndarréttar til þátttöku í verkefnum af þessum toga fyrir Íslands hönd. Árið 2024 tók sérfræðingur Persónuverndar þátt í mati á Slóvakíu. Skýrsla um matið er væntanleg.

Ráðstefnur, námskeið og aðrir viðburðir á erlendum vettvangi

GPA – Global Privacy Assembly

Alþjóðlegt þing persónuverndarstofnana (Global Privacy Assembly) var haldið í 46. sinn dagana 28. október – 1. nóvember 2024, að þessu sinni á eyjunni Jersey. Þingið skiptist í annars vegar ráðstefnu, sem opin er almenningi gegn gjaldi, og hins vegar lokaðan fund persónuverndarstofnana. Sviðsstjóri hjá Persónuvernd sótti lokaða fundinn.

Norrænn upplýsingafundur um gervigreind

Persónuverndarstofnanirnar á Norðurlöndunum komu saman í Stokkhólmi dagana 22.–23. ágúst 2024 til þess að miðla sín í milli upplýsingum og þekkingu vegna nýrrar löggjafar Evrópusambandsins um gervigreind. Á fundinum voru einnig fulltrúar frá hollensku persónuverndarstofnuninni. Til umræðu var einkum hin nýja Evrópulöggjöf og þýðing hennar fyrir persónuverndarstofnanir, eftirlit þeirra og starfsemi almennt. Sex starfsmenn Persónuverndar sóttu fundinn, þar af fimm lögræðingar og einn sérfræðingur í upplýsingaöryggi.

Námskeið um eftirlit með algóritmum og gervigreind (Best Practices in GDPR Supervision of Algorithms and AI)

Hollenska persónuverndarstofnunin hélt námskeið dagana 27.–29. nóvember 2024 um eftirlit persónuverndarstofnana með algóritmum og gervigreind (e. Best Practices – GDPR Supervision of Algorithms and AI). Á námskeiðinu deildu

evrópskar persónuverndarstofnanir, þar á meðal breska persónuverndarstofnunin (ICO) og Evrópska persónuverndarráðið (EDPB), reynslu sinni og góðum starfsvenjum við eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga við gerð og notkun algótma. Sérstök áhersla var lögð á mikilvægi fjölbreyttrar sérfræðipækkingar á sviðinu. Námskeiðsgestir voru bæði lögfræðingar og sérfræðingar í upplýsingaöryggi, vegna þeirrar þverfaglegu nálgunar sem þörf er á við eftirlitið. Alls tóku 60 fulltrúar frá evrópskum persónuverndarstofnunum þátt (að starfsfólki hollensku persónuverndarstofnunarinnar undanskildu). Námskeiðið sóttu lögfræðingur og sérfræðingur í upplýsingaöryggi hjá Persónuvernd.

Vorráðstefna evrópskra persónuverndarstofnana (32nd Spring Conference of European Data Protection Authorities)

Dagana 10.- 12. maí var 32. vorráðstefna evrópskra persónuverndarstofnana haldin í Riga í Lettlandi. Á ráðstefnunni var meðal annars fjallað um hlutverk persónuverndarstofnana í síbreytilegu lagaumhverfi hins stafræna markaðar, persónuvernd í heimi nýsköpunar og tækninýjunga, öryggi stafrænna heilsufarsupplýsinga, samvinnu persónuverndarstofnana, löggjöf um peningaþvætti og fleira. Fyrstu tveir ráðstefnudagarnir voru eingöngu ætlaðir fulltrúum persónuverndarstofnana í Evrópu en lokadagur ráðstefnunnar var opinn persónuverndarfulltrúum í Lettlandi og víðar. Ráðstefnuna sótti sviðsstjóri hjá Persónuvernd.

CPDP-ráðstefnan (Computers, Privacy and Data Protection)

17. CPDP-ráðstefnan var haldin dagana 22.-24. maí í Brussel. Yfirskrift ráðstefnunnar var „To govern or to be governed, that is the question“. Á ráðstefnunni var boðið upp á fjölmarga fyrirlestra og vinnustofur þar sem fjallað var um nýjustu strauma og stefnur á sviði tæknimála og persónuverndar. Þrír starfsmenn Persónuverndar sóttu ráðstefnuna.

Vinnustofa starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana (e. European Case Handling Workshop)

Þessi árlega vinnustofa var haldin dagana 5.-6. desember og fór fram í Tallinn. Eistneska persónuverndarstofnunin, Andmekaitse Inspeksioon, hafði umsjón með vinnustofunni að þessu sinni. Boðið var upp á kynningar, umræður og raunhæf verkefni á sex vinnustofum en meðal þess sem rætt var um voru eftirlitsmyndavélar, gervigreind og önnur ný tækni, samband ábyrgðar- og vinnsluaðila og fleiri úrlausnarefni. Þátttaka í þessum vinnustofum hefur gefist afar vel þar sem hún veitir starfsmönnum tækifæri á að ræða við fjölbreyttan hóp sérfræðinga sem bera saman bækur sínar um rannsókn og afgreiðslu mála. Þrír starfsmenn Persónuverndar sóttu vinnustofuna fyrir hönd stofnunarinnar.

